



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 16. september 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Viggó K. Jóhannsson. Katrín Baldursdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Jóhann Helgi Heiðdal og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Flestir eru búnir að samþykkja fundargerðina.

2. Verkefni haustsins

a. Opnir fundir, sósíalísta-kaffi með netvarpi

Rætt um hvað læra má af síðasta sósíalísta-kaffi, þar sem aukin áhersla var lögð á upplifunina af útsendingunni á netinu. Treystum þeim sem sáu um fundinn til að halda áfram utan um næsta fund.

b. Annar áróður og kynning

Hópurinn Maskínan er að safna efni til að setja inn á netið. Meira um það á næsta fundi.

Málefna-stjórn óskaði eftir aðstoð framkvæmdastjórnar við að búa til ráðstefnu í október um auðlinda- og samgöngumál. Orðið verður við því.

3. Maístjarnan og stuðningur við hagsmunabaráttu

a. Erindi frá No Borders

No Borders óska eftir styrk vegna rútuleigu fyrir flóttamenn frá Ásbrú til Reykjavíkur til að taka þátt í mótmælum, að upphæð 62.744 kr. Það var samþykkt.

b. Leigjendasamtökin

Umræðum frestað.

c. Undirbúningur að stofnun samtaka skuldara, samtaka sjúklinga o.s.frv.

Framkvæmdastjórn mun taka þátt í að kynna fyrirhugaðan stofnfund Félags leigjenda hjá Félagsbústöðum.

4. Fjármál

a. Framlag vegna útifundar vegna Pence

Símon Vestarr og Andri Sigurðsson óska þess að flokkurinn greiði kostnað þeirra við fundinn, 14.615 kr. Það var samþykkt.

b. Staða á reikningum.

Flokkurinn: 775.360 kr., Maístjarnan: 2.340.203 kr.

5. Önnur mál

Almennar umræður um stjórn málaástandið.